



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um kynningarátak á snjallforritum fyrir bílastæði

Þann 21. september 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um kynningarátak á snjallforritum fyrir bílastæði:

Flokkur fólksins leggur til að farið verði í kynningarátak á þeim snjallforritum sem eru notuð í bílastæðum borgarinnar og bara almennt í bílastæðum Reykjavíkur. Margir og kannski einkum eldri kynslóðin er hrædd við notkun slíkra lausna. Fjölmarginir hafa ekki hugmynd um hvaða forrit eru í boði og gildir þá einu um reynslu og aldur í sjálfu sér. Upplýsingagjöf til borgarbúa er á ábyrgð borgaryfirvalda.

Umsögn:

Á gjaldskyldum bílastæðum í Reykjavík er boðið upp á þrjár mismunandi greiðsluleiðir þ.e. rafrænar greiðsluleiðir (snjallforrit), stöðumæla sem taka við öllum helstu gerðum greiðslukorta og P-kort sem hægt er að kaupa og nota í gjaldskyldum stæðum. Bílastæðasjóður heyrir undir skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar á umhverfis og skipulagssviði og ábyrgð á upplýsingagjöf er á þeirra könnu.